

Fréttatilkynning

**-Samkeppnisráð ákveður sakaruppgjöf eða lækkun sekta svo auðveldara verði að koma upp um ólöglegt samráð fyrirtækja.
-Tjón þjóðfélagsins af ólöglegu samráði kann að nema 20% af söluverðmæti.**

Á fundi sínum 30. apríl sl. tók samkeppnisráð mikilvægt skref í baráttu samkeppnisyfyrivalda við að koma upp um ólöglegt verðsamráð fyrirtækja og annað ólöglegt samstarf þeirra. Á fundinum samþykkti samkeppnisráð reglur um niðurfellingu á sektum eða lækkun sekta á fyrirtæki þegar fyrirtæki sem taka þátt í ólöglegu samráði veita Samkeppnisstofnun upplýsingar um samráðið og starfa með stofnuninni við að upplýsa það.

Ólöglegt samráð rýrir lífsskjör almennings

Leynilegt, ólöglegt samráð fyrirtækja er alvarlegasta brot á samkeppnislögum þar sem það leiðir undantekningarlaust til herra verðs en ella. Slíkt samráð fyrirtækja skaðar því bæði hag atvinnulífsins og neytenda. Aðföng fyrirtækja verða dýrari og þegar til lengri tíma er lítið dregur það úr samkeppnishæfni atvinnugreina þannig að atvinnutækifærum fækkar.

Á grundvelli rannsókna hafa verið leiddar að því líkur að meðaltals ávinningur fyrirtækja sem þátt taka í ólöglegu verðsamráði nemi 10% af söluverði vöru og þjónustu. Skaði þjóðfélagsins í slíkum tilvikum er hins vegar mun meiri og kann að nema 20% af veltu samráðsfyrirtækja. Með öðrum orðum þá greiða kaupendur, þ.e. neytendur, fyrirtæki og hið opinbera, mun herra verð fyrir vörur og þjónustu þegar keppinautar koma sér saman um verð, hafa samráð við gerð tilboða eða skipta með sér mörkuðum en þar sem heiðarleg samkeppni fær að njóta sín.

Samkeppnisyfyrivöld skera upp herör gegn ólöglegu samkeppnishindrandi samstarfi

Vegna þess tjóns sem samkeppnishindrandi samráð veldur atvinnulífi, neytendum og þjóðfélaginu í heild er verðsamráð keppinauta bannað hvarvetna þar sem samkeppnislög eru í gildi. Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði fyrirtækja. Fyrirtæki sem taka þátt í ólöglegu samráði geta átt von á háum sektum og stjórnendur slíkra fyrirtækja eiga á hættu allt að fjögurra ára fangelsisvist. Með hliðsjón af þeim skaða sem ólöglegt samráð veldur hafa alþjóðastofnanir og –samtök, svo sem Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hvatt til strangari samkeppnisreglna hjá aðildarþjóðum.

Miðað við reynslu erlendra samkeppnisyfyrivalda og með hliðsjón af fákeppni á mörgum mörkuðum og vegna aukinnar samþjöppunar telja íslensk samkeppnisyfyrivöld ástæðu til að óttast að hér á landi viðgangist ólöglegt samkeppnishindrandi samráð fyrirtækja í nokkrum mæli. Af þeim sökum sé ástæða til að auka og efla eftirlit með slíku atferli eins og gert hefur verið víðast á Vesturlöndum.

Íslensk samkeppnisyfirvöld hafa sagt samkeppnishindrandi samstarfi fyrirtækja stríð á hendur. Ein orrusta í því stríði var t.d. að upplýsa um víðtækt ólöglegt samstarf fyrirtækja á grænmetismarkaði. Nú er unnið að rannsókn á samstarfi tryggingafélaga og rannsókn á meintu ólöglegu samráði olíufélaga.

Niðurfelling eða lækkun sekta auðveldar uppljóstrun um ólöglegt samstarf

Til að auðvelda samkeppnisyfirvöldum að koma upp um ólöglegt samstarf fyrirtækja hefur samkeppnisráð nú sett reglur sem gera fyrirtækjum sem þátt taka í ólöglegu samstarfi kleift að draga sig út úr samstarfinu. Fyrirtækjunum er umbunað fyrir að upplýsa samkeppnisyfirvöld um hið ólöglega samstarf. Með því að koma upp um samstarfið og vinna með Samkeppnisstofnun að rannsókn þess geta fyrirtækin komist hjá sektum eða sektargreiðslur þeirra orðið mun lægri en ella. Á það skal bent að samkvæmt samkeppnislögum geta sektir á fyrirtæki vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum numið allt að 10% af ársveltu fyrirtækjanna. **Þannig gæti fyrirtæki sem hefur 10 milljarða kr. ársveltu sem þátt hefur tekið í alvarlegu og umfangsmiklu ólöglegu samráði með keppinautum sínum um margra ára skeið þurft að greiða allt að einum milljarði króna í sekt verði sök fyrirtækisins sönnuð.** Niðurfelling á sekt eða lækkun hennar mundi því væntanlega skipta fyrirtækið miklu máli.

Reglur sambærilegar þeim sem hér hafa verið settar eru í gildi í Bandríkjunum, hjá Evrópusambandinu og víðar og vinna mörg ríki nú að því að setja slíkar reglur. Reynslan erlendis er sú að reglurnar hafa leitt til uppljóstrunar á mörgum s.k. kartelum, en það eru ólöglegir samstarfshringir fyrirtækja kallaðir erlendis, og auðveldað til muna rannsókn mála. Með vísan til þess er talið að hagur samfélagsins af því að upplýsa ólöglegt samráð fyrirtækja vegi þyngra en þær sektir sem falla niður við það að fyrirtæki ganga til samstarfs við samkeppnisyfirvöld um að upplýsa slíka háttsemi.

Aðalatriði reglnanna

Samkvæmt reglunum mun samkeppnisráð fella niður sekt á fyrirtæki sem annars hefði verið sektað:

- ef fyrirtæki er fyrst fyrirtækja til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólöglegu samráði.
- ef fyrirtæki er fyrst fyrirtækja til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna hið ólöglega samráð.

Til að fá sekt fellda niður verður fyrirtæki einnig að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- það verður að sýna fullan samstarfsvilja á meðan á rannsókn málsins stendur og láta samkeppnisyfirvöldum í té öll sönnunargögn og allar þær upplýsingar sem það býr yfir í tengslum við hið meinta brot á meðan á rannsókn málsins stendur.
- það verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta broti eigi síðar en þegar það kemur upp um hið ólöglega samráð.
- það má ekki hafa þvingað önnur fyrirtæki til þátttöku í hinu ólöglegu samráði.

Þó að fyrirtæki uppfylli ekki skilyrðin til að fá sekt fellda niður getur það engu að síður uppfyllt skilyrði til að fá fjárhæð sektar lækkaða í máli sem varðar ólögmaett samráð fyrirtækja.

Til þess að fá sekt lækkaða verður fyrirtæki að láta Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem stofnunin hefur þegar undir höndum. Þá verður fyrirtækið einnig að hætta þátttöku sinni í hinu meinta í ólögmaetta samráði.

Þegar metið er hversu mikla lækkun á sektarfjárhæðinni fyrirtæki hlýtur er tekið tillit til þess á hvaða tímapunkti fyrirtækið lagði fram sönnunargögnin og hversu mikla þýðingu þau hafi haft fyrir rannsókn málsins. Einnig hefur samkeppnisráð hliðsjón af samstarfsvilja fyrirtækisins eftir að það lagði fram sönnunargögnin. Uppfylli fyrirtæki skilyrðin fyrir lækkun sektar mun sektin lækka með eftirfarandi hætti:

- **fyrsta fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupphæðina lækkaða um 30 til 50%,**
- **annað fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupphæðina lækkaða um 20 til 30%,**
- **önnur fyrirtæki sem á eftir koma og uppfylla skilyrðin fyrir lækkun sektar geta fengið allt að 20% lækkun á sektarupphæðinni.**

Þegar Samkeppnisstofnun hefur staðreynt að fyrirtæki uppfylli skilyrðin fyrir niðurfellingu sektar tilkynnir stofnunin fyrirtækinu það skriflega. Jafnframt mun fyrirtæki sem óskar eftir lækkun sektarfjárhæðar og uppfyllir öll skilyrði vera skýrt frá því skriflega að til standi að lækka fjárhæð sektar sem hugsanlega verði lögð á fyrirtækið.

Fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt eða lækkun á sektarfjárhæð skal óska eftir því við Samkeppnisstofnun.

Reglur samkeppnisráðs eru fáanlegar hjá Samkeppnisstofnun og á heimasíðu stofnunarinnar [.\samkeppnislog\reglur\Leiðbeinandi reglur v. kartelmala.doc](#) Frekari upplýsingar veita Anna Dögg Hermannsdóttir (adh@samkeppni.is), Guðmundur Sigurðsson (gsig@samkeppni.is) og Ásgeir Einarsson (asgeir@samkeppni.is).